

**ÚRSKURÐUR**  
**ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA**

---

**MÁL NR. 1/2013**

Kæra Atvinnueigna ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 6/2013.

1. Þann 14. janúar 2014 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 1/2013: Kæra Atvinnueigna ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 6/2013 frá 5. mars 2013. Í málinu úrskurða Hildur Dungal, Egill Heiðar Gíslason og Halldóra Þorsteinsdóttir.
2. Með kæru, dags. 2. apríl 2013, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu nr. 6/2013 frá 5. mars 2013, um að kærandi hafi með skráningu og notkun heitisins Atvinnueignir og með skráningu og notkun lénsins atvinnueignir.is brotið gegn 15. gr. a. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, sbr. 5. gr. sömu laga. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005 bannaði Neytendastofa kæranda notkun á heitinu Atvinnueignir og léninu atvinnueignir.is og lagði fyrir fyrirtækið að afskrá bæði heiti félagsins og umrætt lén. Var kveðið á um að bannið tæki gildi fjórtán dögum frá dagsetningu hinnar kærðu ákvörðunar og var bannið að viðlögðum dagsektum samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi en til vara er þess krafist að einungis sá hluti ákvörðunarinnar, sem varðar lénið atvinnueignir.is, verði felldur úr gildi.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

**MÁLAVEXTIR**

4. Með bréfi til Neytendastofu, dags. 30. apríl 2012, kvartaði Atvinnueign ehf. yfir notkun kæranda (áður Leiguumsjón ehf.) á heitinu Atvinnueignir og notkun lénsins atvinnueignir.is. Í bréfinu kemur fram að frá stofnun Atvinnueignar ehf. hafi félagið sérhæft sig í leigu á atvinnuhúsnæði, annast leigutilboð, skjalagerð og leigusamninga. Vefsíða fyrirtækisins sé atvinnueignir.is en hún hafi verið á skrá hjá ISNIC frá árinu 2004. Fyrirtækið hafi frá 17. maí 2004 notað firmameitið „Atvinnueign“ til auðkennis á starfsemi sinni. Kærandi reki einnig leigumiðlun og fasteignasölu undir heitinu „Atvinnueignir“. Kærandi hafi skráð lénið atvinnueignir.is hjá ISNIC og notast við það heiti í allri kynningu á starfsemi sinni. Eins og fram komi á heimasíðu kæranda sérhæfi Atvinnueignir sig í að leigja út og selja atvinnuhúsnæði.

5. Lögmaður Atvinnueignar ehf. hafi margofter haft samband við forsvarsmenn kæranda og gert kröfu um að félagið láti af notkun heitisins Atvinnueignir. Ástæðan væri sú að margir viðskiptavinir sem hefðu ætlað að ná í kæranda hefðu í staðinn hringt í Atvinnueign ehf. Forsvarsmenn kæranda hafi hins vegar hafnað að láta af notkun heitisins og hafi mikill ruglingur skapast vegna þessa. Atvinnueign ehf. sé því nauðugur einn sá kostur að kvarta undan háttsemi kæranda. Notkun kæranda á heitinu atvinnueignir til auðkenningar á fyrirtæki sínu og notkun lénsins atvinnueignir.is brjóti í bága við 5. og 15. gr. a laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Um sé að ræða óréttmæta viðskiptahætti og kæranda sé óheimilt að nota í atvinnustarfsemi sinni firmanafnið Atvinnueign, hvort heldur í eintölu eða fleirtölu. Heitið sé í eigu Atvinnueignar ehf., en með skráningu á nafninu í fyrirtækjaskrá og hjá ISNIC, og notkun þess frá árinu 2004, hafi fyrirtækið öðlast einkarétt til nafnsins.
6. Notkun kæranda á heitinu brjóti einnig gegn bannákvæði fyrri málsliðar 15. gr. a laga nr. 57/2005, en kærandi starfi á sama markaði og Atvinnueign ehf. eins og kynning á heimasíðum fyrirtækjanna sýni. Þá sé augljós ruglingshætta til staðar. Skipti engu í því sambandi þótt kærandi noti heitið í fleirtölu. Atvinnueign ehf. krefjist þess að Neytendastofa banni kæranda notkun á heitinu Atvinnueignir til auðkenningar á fyrirtæki sínu og notkun lénsins atvinnueignir.is. Gerð sé krafa um að kærandi afskrái lénið atvinnueignir.is hjá Isnic. Jafnframt verði beitt viðurlögum laga nr. 57/2005.
7. Með bréfi Neytendastofu, dags. 4. maí 2012, var kæranda kynnt framkomið erindi Atvinnueignar ehf. Var jafnframt óskað eftir athugasemdum og skýringum félagsins í tilefni bréfsins. Svar barst með bréfi lögmanns kæranda, dags. 25. júní 2012. Þar er kvörtun Atvinnueignar ehf. mótmælt og þess krafist að Neytendastofa láti hjá líða að grípa til aðgerða vegna hennar. Í kvörtuninni sé fullyrt að lögmaður Atvinnueignar ehf. hafi margofter haft samband við forsvarsmenn kæranda. Þeir kannist hins vegar ekki við þetta eða yfirhöfuð kröfu um að félagið láti af notkun heitisins Atvinnueignir. Kærandi hafi hafið starfsemi árið 2007 og sérhæfi sig í sölu og leigu á atvinnuhúsnæði. Félagið hafi notað firmanafnið „Atvinnueignir löggild leigumiðlun og fasteignasala“ og skráð lénið atvinnueignir.is hjá ISNIC 10. október 2007. Hjá félaginu hafi starfað á bilinu 2-5 starfsmenn frá upphafi.
8. Atvinnueign ehf. hafi ekki verið í eiginlegum rekstri frá því nafni fyrirtækisins hafi verið breytt úr Masdor ehf. 17. maí 2004 í Atvinnueign ehf. Ársreikningur félagsins frá 2003 beri með sér að engin starfsemi hafi verið í félaginu á því ári. Á árunum 2004 og 2005 hafi Atvinnueign ehf. ekki haft neinar rekstrartekjur, enga starfsmenn og engin gjöld. Árið 2006 virðist smávægilegur rekstur hafa verið hjá fyrirtækinu með tæplega 2,8 milljónir króna í árstekjur og árið 2007 hafi árstekjur þess verið tæpar 1,9 milljónir króna. Félagið hafi engar árstekjur haft árið 2008 en laun og launatengd gjöld hafi verið 119.000 krónur. Á því ári hafi fyrirtækið skráð lénið atvinnueignir.is hjá ISNIC. Á árinu 2009 hafi fyrirtækið haft rúmlega 1,2 milljónir í árstekjur en enginn starfsmaður virðist hafa verið starfandi hjá félaginu á því ári. Á

árinu 2010 virðist félagið ekki hafa verið í rekstri en skráðar árstekjur hafi verið 100.000 krónur. Laun og launatengd gjöld beri með sér að enginn starfsmaður hafi verið í félaginu. Á árinu 2011 hafi árstekjurnar síðan verið 566.000 krónur en enginn starfsmaður hafi starfað hjá félaginu.

9. Því sé mótmælt að orðið Atvinnueign sé í eigu Atvinnueignar ehf. eða að fyrirtækið hafi öðlast einkarétt á orðinu með skráningu á Atvinnueign ehf. í fyrirtækjaskrá árið 2004, skráningu hjá ISNIC árið 2008 eða með notkun heitisins frá árinu 2004. Engin lagarök styðji þá fullyrðingu að með því að skrá fyrirtækjanafnið Atvinnueign ehf. í fyrirtækjaskrá hafi fyrirtækið eignast orðið eða öðlast á því einkarétt. Atvinnueign ehf. hafi skráð lénið atvinnueign.is og hafið notkun þess hálfu ári eftir að kærandi hafi skráð lénið atvinnueignir.is og hafið notkun þess. Skráning á léninu atvinnueign.is geti því ekki veitt einkarétt á orðinu. Fyrirtækið hafi aldrei, eða með mjög takmörkuðum hætti, notað orðið Atvinnueign í rekstri og markaðssetningu. Ekkert bendi til þess að fyrirtækið hafi markaðssett orðið Atvinnueign eða notað að einhverju marki í þeim takmarkaða rekstri sem um hafi verið að ræða. Ekki séu auglýstar eignir með heitinu og það virðist ekki hafa verið notað opinberlega fyrr en eftir skráningu lénsins atvinnueign.is árið 2008. Þegar fyrirtækið hafi byrjað að nota auðkennið opinberlega hafi kærandi hins vegar notað og markaðssett sitt auðkenni, Atvinnueignir, í hálf tákni.
10. Kærandi byggir á því að orðið Atvinnueign njóti ekki verndar 15. gr. a laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Orðið sé lýsandi fyrir þá þjónustu sem viðkomandi fyrirtæki hafi á boðstólnum og hafi engin sérkenni til aðgreiningar frá öðrum. Atvinnueign.is njóti þar með ekki verndar gegn því að annar aðili taki upp áþekkt heiti eða lén til kynningar á starfsemi sinni. Um þetta sé vísað til úrskurða áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 1/2005, 3/2006, 6/2006, 12/2009, 9/2010 og 1/2011. Orðið sé almennt og skírskotið skýrlega til þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veiti, þ.e. viðskipti tengd atvinnuhúsnæði; fasteignum sem nýttar séu undir atvinnurekstri öfugt við viðskipti með íbúðarhúsnæði eða einkaeignir. Um sé að ræða almennt orð sem tengist starfsemi beggja aðila. Þjónusta þeirra sé tengd atvinnuhúsnæði en eðli viðskiptanna sé ólíkt að mestu.
11. Kærandi telur ekki annað fært en að líta svo á að um sé að ræða lýsandi orð fyrir þá þjónustu sem um ræði, sem skorti nægileg sérkenni til að 15. gr. a laga nr. 57/2005 komi í veg fyrir að aðrir taki það upp í fleirtölu í firmanafni eða léni. Af þessu leiði að ákvæðið komi ekki til álita, enda sé framangreind krafa um sérkenni forsenda þess að vernd ákvæðisins eigi við. Telji Neytendastofa að orðið Atvinnueign njóti verndar ákvæðisins sé á því byggt að kærandi eigi með réttu tilkall til auðkennisins. Hvorugur málsaðila hafi öðlast vörumerkjavernd á auðkennum sínum. Kærandi hafi verið skráður eigandi lénsins atvinnueignir.is frá október 2007 og markaðssett það með notkun í rekstri sínum óslitið frá þeim tíma auk þess sem firmanafnið Atvinnueignir hafi verið notað á sama tíma með sama hætti að viðbættum orðunum

„lögild leigumiðlun og fasteignasala“. Kærandi hafi því rétt til notkunar á auðkenninu Atvinnueignir og léninu atvinnueignir.is í skilningi 15. gr. laga nr. 57/2005.

12. Komi þá til skoðunar hvort notkun kæranda á auðkenninu skapi ruglingshættu við auðkenni kvartanda. Skráning aðila á auðkennum sínum í fyrirtækjaskrá og hjá ISNIC ein og sér sé ekki til þess fallin að valda ruglingshættu heldur sé nauðsynlegt að líta til framsetningar þeirra og notkunar aðila á skráðum auðkennum. Þó svo að báðir aðilar bjóði fram þjónustu tengda atvinnuhúsnæði sé rekstur fyrirtækjanna ólíkur og ekki á sama sviði eða beint að sama markhóp nema að litlu leyti. Kærandi veiti stórum hópi þjónustu þar sem reksturinn sé bæði í fasteignasölu og leigumiðlun. Í viðskiptavinahópi kæranda séu kaupendur, leigjendur, seljendur og leigusalar auk þess sem starfsfólk félagsins vinni verðmöt fyrir einkaaðila og fjármálastofnanir á atvinnueignum af öllum stærðum og gerðum. Hjá kæranda starfi fimm einstaklingar sem allir hafi löggildingu til leigumiðlunar og löggildingu til fasteignasölu. Takmarkaður rekstur Atvinnueignar.is sé hins vegar aðeins í leigumiðlun en forsvarsmaður fyrirtækisins hafi ekki löggildingu til fasteignasölu. Samkeppni milli aðila sé þannig lítil sem engin. Þá séu líkindi með merkjum aðila engin. Orðið Atvinnueign í fleirtölu hafi kærandi aldrei notað. Áhersla hafi alltaf verið á notkun orðsins í fleirtölu og eigi orðmerkið þannig ekki að skapa ruglingshættu nema Atvinnueign ehf. taki upp notkun orðsins í fleirtölu.
13. Merki kæranda sé í bláum, svörtum og hvítum lit. Mynd af hvítu húsi í hring sem fylltur sé bláum lit sé við hlið orðanna „Atvinnueignir – löggild leigumiðlun og fasteignasala“, sem séu í svörtum bókstöfum. Bæði myndin og orðin séu á hvítum fleti. Merki Atvinnueignar ehf. sé hins vegar í appelsínugulum, bláum og gráum lit. Útfærsla af bókstafnum A í appelsínugulum lit sé við hlið orðsins Atvinnueign þar sem orðið „Atvinnu“ sé í bláum lit en „eign“ í appelsínugulum lit. Undir samsettu orðinu sé appelsínugul lína og sé merkið á gráum fleti. Litir, leturgerð og myndræn framsetning hinna umdeildu merkja skilji þau því verulega að.
14. Þá verði að líta til þess að í gögnum málsins liggi ekkert fyrir um notkun Atvinnueignar ehf. á skráðu firmanafni sínu eða merki. Ekkert liggi fyrir um að fyrirtækið hafi notað firmanafn sitt sem slíkt með þeim hætti að unnt sé að ruglast á merkjunum eða brjóta á rétti þess. Þannig virðist fyrirtækið hvorki nota merki sitt né skráð firmanafn á auglýsingaskiltum hjá þeim eignum sem boðnar séu til leigu, eins og sjá megi af fylgiskjali með bréfinu. Áhersla kæranda í markaðssetningu sé hins vegar tengsl þjónustunnar við mynd- og orðmerkið. Ekkert liggi fyrir um að Atvinnueign ehf. hafi notað firmanafn sitt eða merki fyrr en eftir að kærandi hóf markaðssetningu og notkun á sínu auðkenni.
15. Að öllu framansögðu virtu telji kærandi að hann hafi ekki brotið gegn 15. gr. a laga nr. 57/2005 með notkun orðsins Atvinnueignir og lénsins atvinnueignir.is, enda sé skilyrði samkvæmt ákvæðinu að notkun auðkennis geti leitt til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Í ljósi þess að ekki teljist um ruglingshættu að ræða telji kærandi ekki heldur unnt að fullyrða að kærandi hafi brotið gegn 5. gr. laganna með notkun auðkennisins.

16. Með bréfi Neytendastofu, dagsettu 29. júní 2012, var Atvinnueign ehf. kynnt ofangreint bréf kæranda og félaginu boðið að koma að athugasemdum sínum við það. Svar barst með bréfi lögmanns Atvinnueignar ehf., dags 20. júlí 2012. Þar kemur fram að fyrirtækið telji fyrst rétt að benda á að Atvinnueign ehf. hafi kvartað yfir breyttu heiti kæranda til fyrirtækjaskrár, sbr. meðfylgjandi afrit bréfs til fyrirtækjaskrár. Rétt sé að fram komi að áður en kærandi hafi byrjað að nota heitið „Atvinnueignir“ í kynningu á fyrirtækinu hafi forsvarsmaður félagsins haft samband við Atvinnueign ehf. og falast eftir kaupum á félaginu. Hafi það verið áður en kærandi hafi stofnað félag undir heitinu Leiguumsjón ehf. á árinu 2007. Forsvarsmaður Atvinnueignar ehf. hafi ekki verið reiðubúinn til að selja félagið. Þrátt fyrir þetta hafi kærandi í slæmri trú notast við heitið „Atvinnueignir“ í starfsemi sinni. Atvinnueign ehf. telji þessa háttsemi brjóta gegn 5. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, en kæranda hafi verið kunnugt um notkun Atvinnueignar ehf. á heitinu og mátt vera ljóst að skráning og notkun félagsins á heitinu og léninu til auðkenningar á starfsemi sinni gæti valdið ruglingi við fyrirtæki Atvinnueignar ehf.
17. Rétt sé að ítreka að forsvarsmaður Atvinnueignar ehf. hafi ítrekað haft samband við forsvarsmenn kæranda og kvartað yfir notkun heitisins. Þá hafi margoft verið haft samband við Atvinnueign ehf. og beðið um starfsmenn kæranda. Hafi þetta helst gerst þegar viðskiptavinir hafi haft samband við símaskrá og beðið um beint samband. Einhvers misskilnings virðist gæta í bréfi kæranda varðandi skráningu hjá ISNIC. Atvinnueign ehf. hafi notast við lénið a.m.k. frá árinu 2005. Frá 14. maí 2004 hafi lénið verið skráð á nafn Ellerts Aðalsteinssonar, sem hafi verið annar eigenda Atvinnueigna ehf., sbr. meðfylgjandi blaðaútprentanir og staðfestingu ISNIC. Hafi lénið verið fært á kennitölu Atvinnueignar ehf. þann 5. mars 2008 eftir að Ellert hafi dregið sig út úr starfi félagsins. Félagið hafi notast við heitið og rekið heimasíðu um starfsemi sína á léninu atvinnueign.is allt frá árinu 2005. Sú fyllyrðing, að Atvinnueign ehf. hafi skráð lénið atvinnueign.is og hafið notkun á því hálfu ári eftir að gagnaðili hafi skráð lénið atvinnueignir.is á árinu 2007, sé beinlínis röng. Vísist í þessu sambandi til meðfylgjandi fréttar í fasteignablaði Morgunblaðsins frá 21. mars 2005 þar sem orðrétt segi: „Fasteignasalan Atvinnueign, sem sérhæfir sig í sölu og leigu atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarvæðinu, hefur opnað nýja heimasíðu, www.atvinnueign.is. Á heimasíðunni er boðið upp á leigumiðlun með atvinnuhúsnæði“.
18. Í bréfinu eru síðan gerðar athugasemdir við umfjöllun kæranda um ársreikninga Atvinnueignar ehf. Kærandi fullyrði að svo virðist sem félagið hafi ekki verið í eiginlegum rekstri frá því að nafni þess hafi verið breytt úr Masdor ehf. á árinu 2004 í Atvinnueign ehf. Þrátt fyrir þetta sé vísað til tekna félagsins og gjalda allt frá árinu 2006 til 2011, sem sýni svo ekki verði um villst fram á að félagið hafi verið og sé í rekstri. Rekstur félagsins hafi á árunum 2004 og 2005 einnig verið í fasteignasölu, en þá hafi tveir starfsmenn starfað hjá fyrirtækinu ásamt löggilta fasteignasalanum Ernu Valsdóttur. Um þetta vísist til meðfylgjandi fréttar í fasteignablaði Morgunblaðsins frá árunum 2004 og 2005.

19. Frá árinu 2006 hafi rekstur félagsins verið minni í sniðum og þá um eins manns félag að ræða, rekið af Halldóri Má Sverrissyni viðskiptafræðingi. Hafi hann unnið frá þeim tíma einnig sem launþegi hjá Frjálsa fjárfestingabankanum eða allt til ársins 2010, þegar hann hafi snúið sér aftur að fullu í starfið hjá Atvinnueign ehf. og í réttindanámi við endurmenntunardeild Háskóla Íslands til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja og skipasölu. Hafi hann útskrifast úr því námi á vormisseri 2013. Félagið hafi þá aftur snúið sér að sölu fasteigna og bætt við sig starfsmönnum. Það sem skipti máli sé að Atvinnueign ehf. hafi lagt áherslu á heitið Avinnueign í markaðssetningu og kynningu á fyrirtækinu allt frá árinu 2004 og notast við heitið óslitið frá þeim tíma. Kærandi geti aldrei byggt rétt á því að Atvinnueign ehf. annist þessa stundina ekki sölu fasteigna og að fyrirtæki kæranda sé „stærra“ en Atvinnueignar ehf.
20. Neytendastofa hafi áður tekið það fram að fleirtölumynd af orði sem samkeppnisaðili noti í eintölu sé til þess fallin að skapa ruglingshættu þar sem tveir aðilar noti lík lénanöfn. Hafi niðurstaðan þá verið sú að sá aðili, sem fengið hafi lénið skráð fyrr, njóti einkaréttar á því. Jafnframt hafi það verið tekið fram að ekki sé nóg að nota fleirtölumynd léns keppinautar til að aðgreina fyrirtæki frá öðru. Að öðru leyti sé því mótmælt að orðið „Atvinnueign“ sé svo almennt og einkennandi fyrir þjónustu aðila að það njóti ekki einkaréttar eins og gagnaðili haldi fram. Heitið sé samsett orð og nýyrði sem sé ekki að finna í íslenskri orðabók. Hafi orðið ekki verið notað sem auðkenni í fasteignaviðskiptum. Þannig sé t.d. í kynningu á atvinnuhúsnæði aldrei skírskotað til „atvinnueignar“ eða „atvinnueigna“. Sé á því byggt að heitið hafi þannig næg sérkenni til að njóta verndar fyrir notkun annarra á því. Heitið hafi ekki haft sögu, hvorki í talmáli né ritmáli þegar Atvinnueign ehf. hafi byrjað að nota það til kynningar á starfsemi sinni. Sjáist þetta berlega t.d. þegar orðið sé slegið inn í leitarvél Google eða inn í leitarvél orðabókar Háskóla Íslands á lexis.hi.is. Atvinnueign ehf. þurfi því ekki að sæta því að samkeppnisaðili noti sama heiti við kynningu á sömu þjónustu.
21. Öll þau mál sem kærandi vísi til í bréfi sínu hafi varðað ágreining um heiti sem verið hafi almenn, s.s. harðviður, fartölva, blogg, græna tunnan, gámur og orkusala. Umrædd orð hafi ekki verið talin nægilega sérgreind í skilningi 15. gr. a laga nr. 57/2005. Þessi mál eigi það hins vegar sammerkt að orðin séu beinlínis notuð óbreytt í samskiptum í atvinnustarfseminni og lýsandi fyrir þann markað sem um ræði. Eins og áður greini eigi sú aðstaða ekki við í máli þessu en í viðskiptum, hvort heldur í tengslum við leigu eða kaup fasteigna, sé aldrei talað um atvinnueign eða atvinnueignir, heldur notast við orð eins og atvinnuhúsnæði, húsnæði undir atvinnurekstur eða atvinnustarfsemi, íbúðarhúsnæði, skrifstofa eða verslun. Leigumiðlanir og fasteignasölur hafi ekki heldur notast við orðmyndina. Kjarni málsins sé sá að Atvinnueign ehf. og kærandi starfi á sama markaði, viðskiptavinirnir séu þeir sömu og bæði fyrirtækin séu staðsett í Reykjavík. Heiti félaganna sé augljóslega til þess fallið að valda ruglingi í huga neytenda. Ótækt sé að tveir aðilar, í beinni samkeppni, séu í raun að notast við sama heitið, bæði í auglýsingum sínum og á netinu.

22. Kærandi sé vel kunnugt um að eigendur leiguhúsnæða kjósi oft að setja sitt símanúmer í glugga en fái jafnframt leigumiðlara til að finna leigutaka að húsnæði með öðrum hætti. Þetta geri t.d. stærstu leigufélag landsins, Eik fasteignafélag og Reitir fasteignafélag hf. Leigumiðlari fái ekki þóknun ef leigjendur hafi beint samband við leigusala vegna auglýsingar í glugga húsnæðis. Tilvísun kærandi til einnar auglýsingar á netinu, þar sem merki Atvinnueignar ehf. sé ekki að finna í auglýsingu í glugga húsnæðis, sé óskiljanleg í ljósi þessa. Sé bent á að merki fyrirtækisins komi skýrt fram í útprentuninni, sem hafi verið af heimasíðu Atvinnueignar ehf. Því sé harðlega mótmælt að Atvinnueign ehf. og kærandi séu í ólíkum rekstri. Bæði félagin séu í leigumiðlun og samkeppni á þeim markaði sé mikil. Þó svo að félag Atvinnueignar ehf. hafi ekki annast fasteignasölu í einhvern tíma muni það hefja starfsemi að nýju síðar. Varðandi merki aðila máls sé lögð áhersla á heitið „Atvinnueignir“ í merkinu og orðin fyrir neðan þar sem standi „löggild leigumiðlun og fasteignasala“. Merki félagsins hafi ekki verið breytt þrátt fyrir nýtt heiti kærandi hjá fyrirtækjaskrá. Þó svo að merkin séu ekki í sömu leturgerð og í ólíkum litum séu þau keimlík og augljós ruglingshætta sé á þeim.
23. Með bréfi Neytendastofu, dags. 1. ágúst 2012, var kærandi kynnt svarbréf Atvinnueignar ehf. og boðið að koma að athugasemdum við það. Svar barst með bréfi, dags. 24. ágúst 2012. Þar kemur fram að fyrirsvarsmáður kærandi hafi kannað möguleika á kaupum á mörgum fasteignamiðlunum og fasteignasölum áður en hann hafi stofnað kærandi. Hann reki ekki sérstaklega minni til þess að Atvinnueign ehf. hafi verið eitt þeirra fyrirtækja sem haft hafi verið samband við. Í svarbréfi Atvinnueignar ehf. komi fram að einhvers misskilnings virðist gæta í bréfi kærandi varðandi skráningu hjá ISNIC. Það sé ekki misskilningur að Atvinnueign ehf. hafi verið skráður rétthafi/leigjandi lénsins atvinnueign.is frá 5. mars 2008 enda sé það skýrt í skráningaskírteininu. Í svari Atvinnueignar ehf. sé vísað til ótilgreindra mála Neytendastofu þar sem niðurstaðan hafi verið sú að aðili, sem fengið hafði lén skráð fyrr, nyti einkaréttar á því ef aðilar notuðu annars vegar eintölumynd orðs og hins vegar fleirtölumynd orðs. Óumdeilt sé að kærandi hafi fengið lén sitt skráð hálfu ári áður en Atvinnueign ehf. fékk lén sitt skráð hjá ISNIC.
24. Með bréfi Neytendastofu, dags. 31. ágúst 2012, sem kærandi fékk jafnframt afrit af, var Atvinnueign ehf. kynnt ofangreint svarbréf kærandi. Var ennfremur tekið fram að gagnaöflun málsins væri þar með lokið og málið yrði tekið til ákvörðunar Neytendastofu. Með tölvubréfi lögmanns Atvinnueignar ehf. til Neytendastofu, dags. 13. september 2012, voru stofnuninni áframsend tölvupóstsamskipti forsvarsmanna Atvinnueignar ehf. og sölu- og markaðsfulltrúa útgáfufélagsins Árvakurs hf. Í tölvubréfunum kemur fram að reikningur vegna kærandi hafi fyrir mistök verið sendur Atvinnueign ehf. Með öðru bréfi, í janúar 2013, sendi lögmaður Atvinnueignar ehf. Neytendastofu afrit af ákvörðun fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra, dags. 15. janúar 2013, þar sem fram kom að úrskurðað hefði verið að skráning kærandi á firmaheitinu Fasteignasalan Atvinnueignir ehf. gengi gegn betri rétti Atvinnueignar ehf. Kærandi væri gefinn kostur á að breyta heiti félagsins innan 15 daga.

## ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

25. Hinn 5. mars 2013 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun nr. 6/2013, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði með skráningu og notkun lénsins atvinnueignir.is í starfsemi sinni brotið gegn ákvæðum 15. gr. a laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, sbr. einnig 5. gr. sömu laga. Var kæranda, með vísan til 2. mgr. 21. gr. b laganna, bönnuð öll notkun á heitinu Atvinnueignir og léninu atvinnueignir.is og honum gert að afskrá heitið Atvinnueignir og lénið atvinnueignir.is.
26. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar er sjónarmiðum Atvinnueignar ehf. og kæranda lýst og síðan vikið að efni ofangreindra ákvæða laga nr. 57/2005. Þar kemur síðan fram að sjá megi í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra að félagið Atvinnueign ehf. eigi skráð það firmaheiti. Í júní 2012 hafi kærandi, sem þá hafi heitið Leiguumsjón ehf., óskað skráningar á firmaheitinu Fasteignasalan Atvinnueignir ehf. og hafi sú skráning farið fram hjá fyrirtækjaskrá. Atvinnueign ehf. hafi andmælt þeirri skráningu í júlí sama ár og hafi ríkisskattstjóri úrskurðað að heitið gengi gegn betri rétti Atvinnueignar. Hafi fyrnefnda félaginu því verið gert að breyta nafni sínu.
27. Í ákvörðuninni er næst vísað til léna félaganna og tekið fram að lénið atvinnueignir.is virðist hafa verið skráð hjá ISNIC 14. janúar 2003 á nafni Rekstrarverktaks ehf. Þann 14. maí 2004 hafi það verið fært á fyrrum forsvarsmann Atvinnueignar ehf. og þann 5. mars 2008 á nafn Atvinnueignar ehf. Lénið atvinnueignir.is hafi hins vegar verið skráð hjá ISNIC 10. október 2007 á nafn fasteignasölu Atvinnueignir ehf. Báðir aðilar hafi þ.a.l. skráð auðkenni sín með þar til bærum hætti hjá ISNIC. Atvinnueign ehf. eigi skráð lénið atvinnueignir.is og kærandi lénið atvinnueignir.is. Neytendastofa telji báða aðila því eiga rétt til auðkenna sinna. Samkvæmt því komi 2. másl. 15. gr. a til álita í málinu.
28. Í ákvörðuninni segir næst að réttur til vörumerkis geti stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan sé sú að eigandi merkis öðlist einkarétt til nafnsins og sé öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a laga nr. 57/2005 sé einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu sé litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verði vörumerki að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkist verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóði.
29. Af hálfu Neytendastofu sé fallist á að heitið Atvinnueign og lénið atvinnueignir.is uppfylli framangreind skilyrði þess að njóta verndar 15. gr. a laga nr. 57/2005 enda sé heitið hvorki almennt né lýsi það sérstaklega þeirri þjónustu sem bæði fyrirtæki bjóði upp á. Verði ekki séð að hugtakið atvinnueign bendi sérstaklega til þess að aðilar fáist við fasteignamiðlun eða



umsýslan með fasteignir eða atvinnuhúsnæði. Hin umþrættu heiti séu bæði sama orðasambandið samsett úr orðunum atvinna og eign. Að mati Neytendastofu séu mikil líkindi með heitunum en framsetning í eintölu eða fleirtölu skilji þau þó að litlu leyti að. Orðin ein og sér séu almenn og skorti að mati Neytendastofu sérkenni. Samsett orð, sem ein og sér skorti sérkenni, geti hins vegar haft nægileg sérkenni til að njóta verndar og sé það mat Neytendastofu að það eigi við um orðasambandið sem hér um ræði.

30. Í ákvörðuninni segir síðan að orðið atvinnueign hafi ekki verið til notkunar í íslensku tungumáli fram til þessa. Fallast megi á þann rökstuðning Atvinnueignar ehf., að þegar rætt sé um eignir í atvinnuskyni sé notast við önnur orð, t.a.m. atvinnuhúsnæði. Þá sé orðið hvorki að finna í veforðabókinni snara.is, þriðju útgáfu Íslensku orðabókarinnar, Stafsetningarorðabókinni né orðabókinni Orðastað. Kærandi vísi til úrskurða áfrýjunarnefndar neytendamála í málum nr. 1/2005, 3/2006, 6/2006, 12/2009, 9/2010 og 1/2011. Að mati Neytendastofu hafi framangreindir úrskurðir ekki þýðingu í þessu máli, enda hafi þar verið deilt um mun almennari orð en deilt sé um í máli þessu. Einnig beri að líta sérstaklega til þess að tilgangur beggja félaga samkvæmt atvinnugreinaflokkun í fyrirtækjaskrá sé fasteignamiðlun. Þar sem bæði félög reki starfsstöðvar sínar í Reykjavík þyki ljóst að þau séu bæði starfandi á sama markaði. Þrátt fyrir röksemdir kæranda þyki einnig ljóst að um sé að ræða tvö fyrirtæki starfandi í Reykjavík, sem fáist við sömu iðju og beini að einhverju eða mestu leyti viðskiptum sínum að sama markhópi. Því sé augljós ruglingshætta til staðar. Ekki skipti máli þótt myndmerki félaganna séu ólík, enda komi myndmerkið sjaldnast upp þegar neytandi leiti að öðru hvoru félaginu, t.d. í símaskrá eða á vefsímaskránni ja.is.
31. Í hinni kærðu ákvörðun segir loks að stofnunin telji að skráning og notkun kæranda á heitinu Atvinnueignir og léninu atvinnueignir.is leiði til þess að villst verði á því og heitinu Atvinnueign og léninu atvinnueign.is. Það sé mat Neytendastofu að Atvinnueignir ehf. njóti betri réttar til síns léns þar sem skráning á því léni hafi farið fram fyrr en skráning á léninu atvinnueignir.is. Þá hafi lénið haldist innan félagsins Atvinnueign ehf. a.m.k. frá 14. maí 2004 þar sem það hafi verið skráð á nafn starfsmanna félagsins eða félagsins sjálfs síðan. Varði brot kæranda við 15. gr. a laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, sbr. 5. gr. sömu laga. Með vísan til framangreinds banni Neytendastofa kæranda notkun á heitinu Atvinnueignir og leggi fyrir félagið að afskrá það heiti og hætta kynningar- og markaðsstarfsemi undir formerkjum þess heitis.
32. Ákvörðunarorð hinnar kærðu ákvörðunar er svohljóðandi:
- „Leiguumsjón ehf., Fákafeni 9, 108 Reykjavík, hefur með skráningu og notkun heitisins Atvinnueignir og með skráningu og notkun lénsins atvinnueignir.is brotið gegn ákvæðum 15. gr. a laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, sbr. einnig 5. gr. sömu laga.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 er Leiguumsjón bönnuð öll notkun á heitinu Atvinnueignir og notkun á léninu atvinnueignir.is og leggur Neytendastofa fyrir fyrirtækið að afskrá heitið Atvinnueignir og lénið atvinnueignir.is.

Bannið tekur gildi fjórtán dögum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

Bann þetta er að viðlögðum sektum skv. IX. kafla laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.“

## **RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU**

33. Í kæru, dags. 2. apríl 2013, er tekið fram að kærandi hafi ekki nýtt markaðssetningu Atvinnueignar ehf. með nokkrum hætti enda hafi síðarnefnda félagið ekki markaðssett heitið atvinnueign eða atvinnueignir. Kærandi hafi hins vegar markaðssett vörumerkið og með þessu máli geri Atvinnueign ehf. tilraun til þess að hagnýta sér þá markaðssetningu. Þessu til stuðnings bendi kærandi á að fyrirsvarsmáður Atvinnueignar ehf. hafi gert tilraun til þess að komast yfir lén kæranda með því að blekkja starfsmann ISNIC til þess að breyta réttthafaskráningu lénsins atvinnueignir.is. Þannig hafi hann ætlað að komast yfir tölvupóstföng starfsmanna kæranda sem endi á @atvinnueignir.is. Séu gögn meðfylgjandi um þetta. Vegna starfsemi kæranda og fjölda skráðra eigna til leigu og sölu á fasteignavefum landsins, s.s. mbl.is/fasteignir og fasteignir.visir.is, komi fjöldi fyrirspurna á degi hverjum í gegnum netföngin. Atvinnueign ehf. hafi hins vegar engar eignir og hafi aldrei haft neinar eignir skráðar á þá vefi. Þá hafi forsvarsmáður Atvinnueignar ehf. reynt að komast yfir öll tölvupóstsamskipti viðskiptavina kæranda með þessu athæfi. Hann hafi einnig boðið meintan rétt til notkunar á markaðssetningu heitisins til sölu á verði sem sé margföld heildarársvelta fyrirtækisins. Þá sé vakin athygli á því að Atvinnueign ehf. virðist ekki vera í meiri rekstri en svo að fyrirsvarsmáður félagsins starfi núna undir merkjum RE/MAX, sbr. meðfylgjandi gögn. Það geti því ekki verið miklar hömlur á rekstri fyrirtækisins ef kærandi noti heitið sem hann hafi markaðssett einn og óstuddur.
34. Vakinn sé sérstök athygli á því að óumdeilt sé að kærandi hafi verið skráður réttthafi á léninu atvinnueignir.is lengur en Atvinnueign ehf. hafi verið skráður réttthafi á léninu atvinnueignir.is. Þrátt fyrir það sé kæranda bönnuð öll notkun á léninu atvinnueignir.is. Kærandi telji þetta ekki geta staðist. Það sé mikilvægt að félaginu verði ekki óheimilt að láta atvinnueignir.is vísa á nýja heimasíðu félagsins komi til þess að breyta þurfi notkun á heitinu Atvinnueignir. Það sé því lágmarkskrafa kæranda að félagið fái að halda léninu atvinnueignir.is og að það vísi á nýja heimasíðu. Þá sé þess krafist að tölvupóstar, sem sendir séu á núverandi netföng fyrirtækisins, @atvinnueignir.is“, færist yfir á ný netföng þannig að hægt sé að upplýsa sendandann um nýtt nafn. Kærandi telji ekki rétt að orðin atvinna og eign hafi nægileg sérkenni til að njóta verndar þegar þau séu samsett. Samsetta orðið atvinnueign vísi augljóslega til eignar sem notuð sé í atvinnurekstri. Með notkun á þessu samsetta orði í rekstri fasteignamiðlunar geti ekki farið á

milli mála að reksturinn varði atvinnuhúsnæði. Samsetta orðið atvinnueign hafi þannig ekkert sérkenni og njóti ekki verndar.

35. Með bréfi, dags. 3. apríl 2013, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 18. apríl 2013, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Þar er tekið fram að orðasamsetningin atvinnueign hafi verið nýyrði við stofnun Atvinnueignar ehf. og ekki fundist í orðabókum. Þó skilja megi orðasamsetninguna með þeim hætti að verið sé að vísa til eignar í atvinnurekstri hafi það ekki þýðingu fyrir niðurstöðu málsins. Orðasamsetningin sé ekki algeng fyrir lýsingu á eignum til atvinnurekstrar, enda sé yfirleitt notast við önnur orð eða orðasambönd eins og réttilega sé bent á í bréfi lögmanns Atvinnueignar ehf. Þá verði heldur ekki séð að það hafi þýðingu fyrir niðurstöðu málsins hvort eða hvernig fyrirsvarsmaður Atvinnueignar ehf. hafi reynt að komast yfir lén kæranda eftir að ákvörðun Neytendastofu hafi verið tekin eða hvort fyrirtækið hafi markaðssett heiti sitt á viðameiri máta.
36. Í bréfi kæranda komi einnig fram að óumdeilt sé að kærandi hafi verið skráður réttthafi á léninu atvinnueignir.is lengur en Atvinnueign ehf. hafi verið skráður réttthafi á léninu atvinnueign.is. Þá sé ítrekað að gögn málsins beri með sér að lénið atvinnueign.is hafi haldist innan félagsins Atvinnueign ehf. a.m.k. frá 14. maí 2004 þar sem það hafi verið skráð á nafn starfsmanna félagsins eða félagsins sjálfs síðan. Um nöfn þeirra einstaklinga eða lögaðila sem lénið hafi verið skráð á vísist nánar til hinnar kærðu ákvörðunar. Lénið atvinnueignir.is virðist hins vegar hafa verið skráð hjá ISNIC þann 10. október 2007 á nafn Fasteignasölu Atvinnueignir ehf. Varðandi skráningu beggja félaga skuli það áréttað að árið 2004 hafi nafni félagsins Masdor ehf. verið breytt í Atvinnueign ehf. Það hafi ekki verið fyrir en árið 2012 sem kærandi hafi leitað skráningar á firmaheitinu Fasteignasalan Atvinnueignir ehf.
37. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 24. apríl 2013, var óskað eftir afstöðu kæranda til greinargerðar Neytendastofu. Var kæranda veittur 15 daga frestur í þessu skyni. Með tölvubréfi, dags. 8. maí 2013, óskaði kærandi eftir frekari fresti og með tölvubréfi áfrýjunarnefndar neytendamála sama dag var fresturinn framlengdur um eina viku. Athugasemdir bárust með bréfi kæranda, dags. 28. maí 2013. Þar eru ítrekaðar fyrri athugasemdir og m.a. tekið fram að óumdeilt sé að kærandi hafi verið skráður réttthafi á léninu atvinnueignir.is lengur en Atvinnueign ehf. hafi verið skráður réttthafi á atvinnueign.is. Það geti ekki staðist að þrátt fyrir þetta sé kæranda bönnuð notkun lénsins. Það sé mikilvægt að félaginu sé gert kleift að fá senda til sín tölvupósta sem sendir séu á netfangið @atvinnueignir.is þar sem margir viðskiptavinna félagsins séu með þau netföng skráð inn í „auto-compleat“ í tölvupóstforritum sínum. Að fá viðskiptavini til að breyta slíku taki alltaf marga mánuði eða ár.
38. Forsvarsmáður Atvinnueignar ehf. hafi boðið til sölu meintan rétt til notkunar á markaðssetningu heitisins atvinnueign á verði sem sé margföld heildarársvelta félagsins eða 15.000.000 krónur. Þá hafi hann einnig haft samband við símaskrá ja.is og óskað eftir að allar

skráningar kæranda yrðu afmáðar. Þetta hafi gerst í beinu framhaldi af því að þessu fjarstæðu-kennda tilboði forsvarsmanns Atvinnueignar ehf. um sölu á nafni félagsins hafi verið hafnað. Starfsmaður ja.is hafi haft samband við kæranda og gert honum grein fyrir því að ja.is ætlaði að afmá allar skráningar kæranda á heitinu „Atvinnueignir – löggild leigumiðlun og fasteignasala“. Eftir fortölur og nánari skoðun á málinu hafi ja.is fallist á að þeir hefðu ekki vald til að afmá skráninguna einhliða. Ljóst sé að forsvarsmáður Atvinnueignar ehf. hafi reynt allt sem hann geti til að komast yfir viðskiptasambönd kæranda og hafa kæranda að féþúfu í þessu máli.

39. Kærandi sé langstærsta fasteignamiðlun landsins með atvinnuhúsnæði og því sé ljóst að eftir miklu sé að slægjast fyrir Atvinnueign ehf. að komast yfir þau viðskiptasambönd. Félagið krefjist þess að fá að halda nafninu sínu. Atvinnueign ehf. hafi ekki starfað sem fasteignasala, enda hafi enginn löggiltur fasteignasali verið starfandi hjá félaginu. Til vara sé gerð sú lágmarkskrafa að kærandi fái að halda léninu atvinnueignir.is og að það vísi á nýja heimasíðu, auk þess sem tölvupóstur fyrirtækisins færist yfir á ný netföng. Einnig sé kærandi með auglýsingar á mörgum stöðum sem hafi langan líftíma og ógerlegt sé að skipta þeim út nema á löngum tíma.
40. Í bréfi kæranda er næst áréttað að samsetta orðið atvinnueign hafi ekkert sérkenni og njóti því ekki verndar 15. gr. a laga nr. 57/2005. Til séu dæmi um notkun á orðinu „atvinnueignir“ í dómsniðurstöðum, sbr. m.a. dóm héraðsdóms Reykjaness 24. mars 2011 í máli nr. E-1575/2010. Þá sé því aftur hafnað sem röngu að lögmaður Atvinnueignar ehf. hafi haft samband við kæranda og farið fram á að kærandi léti af notkun heitisins atvinnueignir í starfsemi sinni. Jafnframt megi geta þess að nafni kæranda hafi verið breytt í Jöfur ehf. tímabundið þar til ákvörðun Neytendastofu verði felld úr gildi.
41. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 13. júní 2013, var Atvinnueign ehf. send kæra málsins, fylgigögn hennar og önnur fyrirliggjandi gögn á kærustigi og óskað eftir afstöðu félagsins til kærunnar. Svar barst með bréfi félagsins, dags. 28. júní 2013. Þar er tekið fram að í málavaxtalýsingu kæranda sé farið um víðan völl. Margt sé beinlínis rangt og gangi þvert á það sem fram komi í framlögðum gögnum. Forsvarsmáður Atvinnueignar ehf. hafi ekki reynt að blekkja starfsmenn ISNIC. Hann hafi hins vegar haft samband við starfsmann fyrirtækisins í kjölfar niðurstöðu Neytendastofu og spurt hvert væri næsta skref í ljósi ákvörðunarinnar. Starfsmaðurinn hafi sagt að það væri ekkert því til fyrirstöðu að breyta réttthafanum á léninu og hafi það verið gert. Síðar hafi starfsmaður ISNIC haft samband við forsvarsmenn Atvinnueignar ehf., sagst hafa verið aðeins of fljótur á sér og beðið afsökunar á mistökum sínum. Forsvarsmáður kæranda fari með ósannindi þegar hann segi að forsvarsmáður Atvinnueignar ehf. hafi reynt að komast yfir tölvupóstsamskipti viðskiptavina kæranda.
42. Einnig sé rétt að taka fram að forsvarsmáður Atvinnueignar ehf. hafi ekki boðið nafnið til sölu og ekki haft sérstakan áhuga á að selja það. Kærandi hafi hins vegar óskað eftir að kaupa

nafnið fyrir heilar 300.000 krónur. Ekki hafi verið annað hægt en að taka tilboði hans sem gríni og því hafi tilboði verið skotið til kæranda á móti. Ástæðan fyrir því að forsvarsmaður Atvinnueignar ehf. sé einnig skráður hjá fasteignasölu RE/MAX ásamt því að vera með leigumiðlunina Atvinnueign ehf. sé m.a. sú að það sé ein af kröfum Endurmenntunar að til þess að útskrifast sem löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali þurfi viðkomandi að hafa unnið undir leiðsögn löggilts fasteignasala í 12 mánuði. Forsvarsmann Atvinnueignar ehf. hafi vantað nokkra mánuði upp á. Hann hafi rekið leigumiðlun og hafi stundað nám til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og útskrifast 14. júní 2013 með skýrt markmið í huga. Hann geti því skráð leigumiðlunina aftur sem leigumiðlun og fasteignasala eins og hún hafi verið í upphafi árið 2004, en þá hafi Erna Valsdóttir löggildur fasteignasali starfað hjá Atvinnueign ehf.

43. Fyrirtækið hafi að sjálfsgöðu haft eignir skráðar á mbl.is og fasteignir.is og það viti kærandi vel. Hann fari með hver ósannindin á fætur öðrum. Sannanir liggi nú þegar fyrir hvað það varði. Lánið atvinnueign.is hafi verið skráð á undan atvinnueignir.is. Fyrst hafi það verið skráð 14. maí 2004 á forsvarsmann Atvinnueignar ehf. og síðan fært á félagið. Útilokað sé að láta kæranda halda léninu atvinnueignir.is vegna augljósrar hættu á ruglingi og misskilningi, enda starfi félögin á sama markaði. Bréfi Atvinnueignar ehf. fylgdi ákvörðun fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra þar sem kæranda var bannað að nota heitið atvinnueignir í starfsemi sinni.
44. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 4. júlí 2013, var kæranda kynnt bréf Atvinnueignar ehf. og honum gefinn kostur á að tjá sig um það. Kærandi svaraði með bréfi, dags. 12. ágúst 2013, þar sem fram kemur m.a. að hvergi í rökum forsvarsmanns Atvinnueignar ehf. sé því mótmælt að kærandi hafi ekki nýtt markaðssetningu Atvinnueignar ehf. með nokkrum hætti enda hafi síðarefnda félagið ekki markaðssett heitið atvinnueign eða atvinnueignir. Það sé kærandi sem hafi markaðssett vörumerkið og með þessu máli hjá Neytendastofu geri Atvinnueign ehf. tilraun til þess að hagnýta sér þá markaðssetningu. Því sé einnig hvergi mótmælt að tilgangur kærunnar sé að komast yfir markaðsvinnu kæranda.
45. Í svarbréfi sínu haldi forsvarsmaður Atvinnueignar ehf. því fram að ISNIC hafi gert mistök. Hvort sem ISNIC hafi gert mistök eða ekki liggi fyrir að forsvarsmaður Atvinnueignar ehf. hafi reynt að komast yfir lénið. Þegar ákvörðun Neytendastofu hafi legið fyrir hafi forsvarsmaður kæranda haft samband við Atvinnueign ehf. og spurt hvort hann vildi selja heitið Atvinnueign. Fyrirsvarsmaður Atvinnueignar ehf. hafi óskað eftir nokkurra daga umhugsunarfresti og síðan haft samband við kæranda og boðið honum notkun á nafninu fyrir 15.000.000 krónur eða til leigu gegn háu mánaðargjaldi. Kærandi hafi hafnað hvoru tveggja og þá boðið á móti 300.000 krónur. Ljóst sé að virði nafnsins Atvinnueign snúist eingöngu að því virði sem kærandi hafi lagt í markaðssetningu síns fyrirtækis. Fyrirsvarsmaður Atvinnueignar ehf. snúi sannleikanum algjörlega við.
46. Varakröfur kæranda snúi að því að koma í veg fyrir að Atvinnueign geti komist yfir þá markaðssetningu sem kærandi hafi lagst í með því að taka upp nafn kæranda, nýta vefslóðina

atvinnueignir.is og nýta tölvupósta sem sendir séu á tölvupóstföng með endingunni @atvinnueignir.is. Rétt sé að benda á að Atvinnueign ehf. hafi ekki haft í frammi neina tilburði til að vera með fasteignasölu síðastliðin 9 ár og hafi ekki ráðið til sín fasteignasala á þeim tíma. Hafi nánast enginn rekstur verið í félaginu þennan tíma. Lénið atvinnueignir.is hafi ekki verið skráð á Atvinnueign ehf. jafn lengi og kærandi hafi haft lénið atvinnueignir.is skráð.

47. Sú niðurstaða Neytendastofu, að gera kæranda að afmá lén sitt og þar með gefa öðrum tækifæri á að nota eða misnota það lén í framhaldinu, sé verulega íþyngjandi. Því sé gerð sú varakrafa að enginn, hvorki Atvinnueignir ehf. né kærandi, fái að nota atvinnueignir.is. Einnig séu ítrekaðar aðrar kröfur, þ.m.t. að kærandi fái að halda léninu atvinnueignir.is og að það vísi á nýja heimasíðu kæranda. Í versta falli sé óskað eftir því að kærandi fái góðan tíma til að aðlaga markaðssetningu sína að nýju nafni og fái að halda léninu atvinnueignir.is í tvö til þrjú ár eftir að úrskurður fellur.
48. Með bréfi til kæranda, dags. 2. október 2013, tilkynnti áfrýjunarnefnd neytendamála kæranda, með vísan til 3. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, að afgreiðsla málsins myndi tefjast, en stefnt væri að því að kveða upp úrskurð í nóvember.

## **NIÐURSTAÐA**

49. Í máli þessu er deilt um þá niðurstöðu Neytendastofu að kærandi hafi með skráningu og notkun heitisins Atvinnueignir og lénsins atvinnueignir.is brotið gegn 5. og 15. gr. a laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005. Með hinni kærðu ákvörðun var kæranda bönnuð notkun á heitinu Atvinnueignir og léninu atvinnueignir.is og honum gert að afskrá bæði heitið og lénið. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi, en til vara er þess krafist að eingöngu sá þáttur hinnar kærðu ákvörðunar, sem lýtur að notkun lénsins atvinnueignir.is verði felldur úr gildi.
50. Ákvæði 5. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 felur í sér almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Þar kemur fram að í III.-V. kafla laganna sé nánar tilgreint hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir og er ákvæði 15. gr. a, sem hin kærða ákvörðun er einkum byggð á, að finna í V. kafla laganna. Ákvæðið í 15. gr. a laga nr. 57/2005 má rekja allt aftur til laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum nr. 84/1933, en núgildandi ákvæði er nánast orðrétt samhljóða 9. gr. laga nr. 84/1933. Af greinargerð með frumvarpi til þeirra laga verður ráðið að ákvæðinu hafi verið ætlað að vera til fyllingar 10. gr. laga um verslanaskrár, firmu og prókúrumboð nr. 42/1903, þar sem m.a. kemur fram að firmu skuli greina glöggst hvert frá öðru og lagt bann við því að menn stæli skrásett firmu. Ákvæðið var því næst tekið upp í 30. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56/1978 og þess getið í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga að vernd auðkenna samkvæmt firma- og vörumerkjaloggjöf næði ekki alltaf nógu langt. Því væri þörf á þeirri viðbótarvernd sem ákvæðinu væri ætlað að veita. Sama viðhorf kom fram við setningu

samkeppnislaga nr. 8/1993, en ákvæðið var að finna í 25. gr. þeirra. Af þessu leiðir að 15. gr. a laga nr. 57/2005 getur falið í sér ríkari vernd en leiðir af sérlögum og þá með hliðsjón af samkeppnissjónarmiðum.

51. Í ákvæðinu er í reynd um tvenns konar reglu að ræða; annars vegar bann við því að nota auðkenni sem viðkomandi hefur ekki rétt til, sbr. 1. másl. ákvæðisins, og hins vegar bann við því að nota eigin auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við einkenni annarra, sbr. 2. másl. ákvæðisins. Í hinni kærðu ákvörðun var réttilega á því byggt að bæði fyrirtækin ættu tilkall til auðkenna sinna og því réðist niðurstaða málsins af 2. másl. 15. gr. a laganna.
52. Af lögskýringargögnum með 2. másl. 15. gr. a laga nr. 57/2005 verður ráðið að ákvæðinu er ætlað að veita fyrirtækjum, sem nota auðkenni í starfsemi sinni, sérstaka vernd gegn því að aðrir noti auðkenni, sem þeir eiga út af fyrir sig tilkall til, á þann hátt að villst verði á þessum tveimur auðkennum. Markmið ákvæðisins er ekki aðeins að veita fyrirtækjum vernd í innbyrðis samkeppni þeirra, heldur ekki síður að koma í veg fyrir að villt verði um fyrir neytendum. Vísast um þetta m.a. til dóms Hæstaréttar Íslands 28. febrúar 2013 í máli nr. 538/2012.
53. Við mat á því hvort ruglingshætta sé fyrir hendi samkvæmt ákvæðinu skiptir m.a. máli hvort viðkomandi fyrirtæki starfi á markaði og hvort þau beini vöru eða þjónustu að sama markhópi, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 15. febrúar 2012 (20/2011) og úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 26. mars 2010 (14/2009). Þá skiptir vitanlega máli hversu hversu lík viðkomandi auðkenni eru, en þau líkindi hafa síðan áhrif á það hversu skyld starfsemi aðilanna má vera án þess að teljast skapa ruglingshættu. Þannig er ljóst að því líkari sem auðkennin eru, því minni kröfur eru gerðar til skyldleika starfsemi aðilanna, og öfugt. Ennfremur skiptir máli hvort þau heiti eða lén sem um er deilt hafi sérkenni sem greini þau frá öðrum, en auðkenni sem eru almenn eða lýsandi fyrir viðkomandi vöru eða þjónustu njóta að jafnaði síður verndar ákvæðisins.
54. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála verður ekki fallist á það með kæranda að auðkennið atvinnueign sé eingöngu almennt og lýsandi fyrir starfsemi aðila og falli því utan gildissviðs 15. gr. a laga nr. 57/2005. Í því sambandi má benda á að ekki verður séð að orðið hafi nokkra almenna þýðingu í huga neytenda eða að það sé á einhvern hátt til þess fallið að skapa hughrif tengd starfsemi aðila. Þá verður ekki framhjá því litið að orðið er hvorki að finna í veforðabókinni snara.is, sem meðal annars leitar í Íslensku orðabókinni og Stóru orðabókinni um íslensku, né öðrum bókum um íslenska málnotkun eða stafsetningu. Í ljósi þessa, og með vísan til þess sem greinir í hinni kærðu ákvörðun, verður að mati áfrýjunarnefndar neytendamála að leggja til grundvallar að orðið atvinnueign hafi í sér fólgin nægileg sérkenni til að njóta verndar 15. gr. a laga nr. 57/2005. Kemur þá til nánari skoðunar hvort brotið hafi verið gegn ákvæðinu.

55. Líkt og greinir í hinni kærðu ákvörðun liggur fyrir að Atvinnueign ehf. hefur notað lénið atvinnueign.is frá árinu 2004, en þá var lénið skráð á þáverandi forsvarsmann félagsins. Lénið var síðan fært á nafn félagsins 5. mars 2008. Ekki liggur hins vegar fyrir hvenær heiti félagsins var skráð formlega hjá fyrirtækjaskrá, en í hinni kærðu ákvörðun virðist gert ráð fyrir að firmaheitið Atvinnueign hafi a.m.k. verið notað frá árinu 2004. Er það í samræmi við skráningu lénsins hjá ISNIC árið 2004 svo og önnur fyrirliggjandi gögn, en af þeim verður skýrlega ráðið að félagið notaði umrætt heiti á greindu tímamarki og virðist hafa gert allar götur síðan. Kærandi, sem aðallega hefur markaðssett sig undir heitinu Leiguumsjón ehf., fékk skráð lénið atvinnueignir.is hjá ISNIC 10. október 2007. Félagið virðist hins vegar ekki hafa notast við heitið Atvinnueignir að nokkru marki fyrr en það leitaði skráningar á firmaheitinu Fasteignasalan Atvinnueignir ehf. í júní 2012. Var skráningin framkvæmd, en nokkru síðar fyrirskipaði fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra að kærandi léti af notkun auðkennisins.
56. Þrátt fyrir að kærandi eigi út af fyrir sig lögmætt tilkall til auðkennisins leggur 2. másl. 15. gr. a laga nr. 57/2005 bann við því að auðkennið sé notað á þann hátt að ruglingshættu valdi við auðkenni Atvinnueignar ehf. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála verður ekki litið framhjá því að auðkennin, sem um er deilt, eru verulega lík. Þau byggja raunar á sama orðinu, en öfugt við Atvinnueign ehf. notar kærandi fleirtölumynd orðsins í sínu auðkenni. Ennfremur er óumdeilt að báðir aðilar fást við fasteignamiðlun í Reykjavík og beina þannig þjónustu sinni að sama markhópi. Leiðir af þessu, líkt og áður greinir, að minna þarf að koma til svo að slá megi föstu að slík líkindi séu með auðkennum aðila að ruglingshættu valdi.
57. Það er mat nefndarinnar að notkun kæranda á auðkenninu atvinnueignir í starfsemi sinni sé til þess fallin að valda verulegri ruglingshættu við Atvinnueign ehf. Í þessu sambandi er á það bent að ekki verður fallist á það með kæranda að nægilegt sé til aðgreiningar frá auðkenni keppinautar að setja viðkomandi auðkenni í fleirtölu. Auðkennin eru næstum eins, líkt og áður greinir, og ekki verður annað séð en að notkun auðkenna aðila á markaði fyrir leigumiðlun sé þess eðlis að hinn almenni neytandi geti illa greint á milli fyrirtækjanna. Þetta mátti kæranda vera ljóst þegar hann ákvað að hefja notkun á auðkenninu atvinnueignir, enda gat honum að mati nefndarinnar ekki dulist að einn helsti keppinautur fyrirtækisins á markaði hafði auðkennt starfsemi sína með umræddu heiti frá árinu 2004.
58. Með vísan til framanritaðs er fallist á það með Neytendastofu að notkun kæranda á auðkenninu Atvinnueignir og léninu atvinnueignir.is brjóti gegn 15. gr. a laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, sbr. og 5. gr. sömu laga. Samkvæmt því ber að staðfesta hin kærðu ákvörðun.



**ÚRSKURÐARORÐ:**

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Hildur Dungal

Egill Heiðar Gíslason

Halldóra Þorsteinsdóttir